

Garðabæ, 21. apríl 2015


Erindi til Bæjarráðs Garðabæjar frá Ungmennaráði Garðabæjar.

Ágæta Bæjarráð.

Það eru 2 mál sem Ungmennaráð langar að biðja Bæjarráð um að taka fyrir:

1. Eftirfylgni á punktum sem lagðir voru fyrir Bæjarstjórn á fundi 16. október 2014. Punktarnir fylgja með þessu bréfi. Gott væri að heyra hver staðan er á þessum málum, sérstaklega væri gott að heyra hvort einhverjar breytingar séu fyrirhugaðar á ferðum Strætó í Garðabæ og á Álftanesi, fulltrúum finnst of fáar ferðir, vagnar hætti að ganga of snemma á kvöldin (um kl. 20) og koma of seint á morgnana á Álftanes. Einnig virðast ferðir ólíkra leiða ekki alltaf passa vel saman, þ.e.a.s. að fólk þarf að bíða lengi við Aktu Taktu ef það þarf að skipta um vagn og einnig stoppar vagninn sem er á leið á Álftanes oft mjög lengi þar.
2. Hugmyndir um að breyta erindisbréfi Ungmennaráðs á þann hátt að fulltrúar fái að sitja lengur en 2 ár og að þeir megi vera eldri í ráðinu, þ.e. þurfi ekki að hætta þegar þeir verða 17/18 ára. Einnig eru fulltrúar í Ungmennaráði að velta fyrir sér hvort fleiri eigi að hafa aðgang að Ungmennaráði en þeir sem tilnefndir eru af skólum/nemendafélögum, hugmynd er um að hafa opinn fund fyrir áhugasöm ungmenntu að bjóða sig fram á. Tillögur fylgja með á erindisbréfsskjali.

Fyrir hönd Ungmennaráðs Garðabæjar,



Sunna Sigurðardóttir, þjónustustjóri

Fundur Ungmennaráðs Garðabæjar með bæjarstjórn, 16. október 2014

- Vantar fótboltahús í bæinn - *Aron*
- Endurnýja gervigrasið á Stjörnuvelli, á æfingavellinum - *Aron*
- Þarf að lengja gönguljós yfir Hafnarfjarðarveg, hjá iðnaðarhverfinu (gatnamót Lyngás og Hafnarfjarðarvegur), hættulegt að fara yfir götuna - *Anna*
- Hafa ljós logandi lengur á battavöllum, þau eru slökkt um kl. 22 sem er of snemmt fyrir eldri krakka - *Vigfús*
- Fáar íþróttir kenndar á Álfanesi, má bæta við úrvalið þar t.d. fyrir eldri krakka - *Birta*
- Fá búð á Álfanes, þar er ekkert hægt að kaupa og pylsuvagninn lokar mögulega í 3 mánuði í vetur - *Birta*
- Skoða þarf málin með Strætó, of fáir vagnar á morgnana, of langt á milli vagna 23 og 1 við Aktu Taktu, vagninn hættir allt of snemma að ganga. Í heildina er slæm þjónusta við unglinga í Garðabæ og Álfanesi sem taka hann mikið í skóla - *Birta/Anna*
- Sundlauginn í Ásgarði – gömul og hentar illa til þess að æfa sund, er of heit - *Indíana*
- Nefndalaun fyrir Ungmennaráð Garðabæjar? – *Anna*
- Niðurgreiðsla í Strætó fyrir þá sem nota mikið – *Anna/Birta*
- Ferðir í vetur fyrir fulltrúa í Ungmennaráði, innanlands til að hitta önnur Ungmennaráð og mögulega erlendis t.d. á vegum Evrópu unga fólksins - *Indíana*